

Hugmyndabanki Rannsóknarsjóð Fjarðabyggðar og Landsbankans.

Hugmyndabanki

Í Fjarðabyggð er að finna margs konar athyglisverð viðfangsefni úr hinum ýmsu fræðigreinum. Hér á eftir fara nokkrar hugmyndir að verkefnum en athygli er vakin á því að þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi listi.



Náttúran

Jarðfræði Fjarðabyggðar

Í Fjarðabyggð er að finna mjög fjölbreytt landslag þar sem mörg spennandi rannsóknarefni leynast.

- Fjallið Sandfell í Fáskrúðsfirði er talið eitt besta dæmi um bergeitil frá tertíertíma í heiminum. Umhverfi þess gefur kost á ýmis konar rannsóknum tengdum jarðfræði og landfræði.
- Firðir Fjarðabyggðar eru góð og skýr dæmi um landmótunarkrafta jökla og vatnsfalla. Þar má einnig sjá fornar strandlínur.

Flóra og fuglalíf

Í Fjarðabyggð er að finna mjög fjölbreytta og sérstaka flóru, sem dæmi má nefna að í Fáskrúðsfirði vex villt blæosp og innan marka sveitarfélagsins hefur fundist hvítt afbrigði af krækiberjum.

- Flóra Fjarðabyggðar hefur hingað til ekki verið kortlögð eða skoðuð á skipulegan hátt sv vitað sé.
- Mikið og fjölbreytt fuglalíf er í Fjarðabyggð sem ekki hefur verið rannsakað skipulega til þessa.

Byggð, samgöngur og skipulag

Landfræði Fjarðabyggðar

Miklar og örur breytingar hafa orðið á byggðapróun á Mið-Austurlandi á undanförunum misserum. Fjarðabyggð fer ekki varhluta af þessum breytingum og hér eru mörg athyglisverð verkefni á sviði byggðalandafræði og annarra greina landfræðinnar.

Fáskrúðsfjarðargöng

Opnun Fáskrúðsfjarðarganga nú í haust mun án efa hafa mikil áhrif á búsetu og líf í Fjarðabyggð. Spennandi er að skoða þessi áhrif nánar og spá fyrir um nánustu framtíð.

Færsla á Þjóðvegi 1 um firði

Skoðun á kostum og göllum þess að færa Þjóðveg 1, sem nú liggur um Breiðdalsheiði, í gegnum Fáskrúðsfjarðargöng til Egilsstaða. Þetta mál hefur ýmsa athyglisverða vinkla sem snerta hinar ýmsu fræðigreinar eins og hagfræði, landfræði og umhverfis- og skipulagsfræði.

Ferðaþjónusta, saga og menning

Hvernig upplifa ferðamenn Fjarðabyggð?

Hvernig upplifa ferðamenn Fjarðabyggð og þá þjónustu sem þar er að finna? Hvað er vel gert? Hvað má betur fara? Þetta er verðugt rannsóknarefni sem m.a. er hægt að nálgast með því að leggja könnun fyrir ferðamenn á svæðinu.

Hvert er viðhorf almennings til ferðaþjónustu?

Í litlum samfélögum þar sem frumatvinnugreinarnar hafa verið allsráðandi í hundruði ára á ferðaþjónustan oft erfitt uppráttur og skilningur á mikilvægi hennar sem atvinnu- og byggðaðróunartækis er lítil. Hvernig horfa þau mál við Fjarðabyggð?

Kolfreyjustaður í Fáskrúðsfirði

Kolfreyjustaður er merkur sögustaður fyrir margra hluta sakir. Þar ólust m.a. upp þjóðskáldin Páll og Jón Ólafssynir auk þess sem heimildir hafa fundist um að staðurinn sé einn af fyrstu kirkjustöðum á Íslandi. Hér eru margir möguleikar á verkefnum tengdum ferðamálafræði, sagnfræði og guðfræði svo eitthvað sé nefnt.

Hvalveiðistöðin á Fögrueyri

Þýsk hlutafélag reisti hvalstöð á Fögrueyri við Fáskrúðsfjörð árið 1903 sem var starfrækt til 1905 og má enn finna leifar hennar þar. Stöðin var síðan keypt af Chr. Salvesen og Co og flutt til Falklandseyja þegar hvalveiðar hófust í Suður-Íshafinu.

Hvalveiðar frá Fjarðabyggð

Minjar eru til um hvalveiðar og vinnslu frá mörgum af fjörðum Fjarðabyggðar. Má þar nefna Mjóafjörð, Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð. Margt er til ritað um þetta tímabil sögunnar og enn má sjá minjar um þessar hvalstöðvar þar sem þær stóðu.

Frönsk arfleifð

Fáskrúðsfjörður er tengdur Frakklandi föstum böndum en hann var ein aðalbækistöð franska sjómanna hér við land fyrr á öldum. Á Fáskrúðsfirði er til mikið af minjum og munum frá þessum tíma. Þetta viðfangsefni gefur heilmarga möguleika á rannsóknum á víðu sviði:

- Hvernig er best að koma þessum minjum á framfæri og nýta í þágu menningartengdrar ferðaþjónustu.
- Fáskrúðsfjarðarfranska er tungumál sem sjómennirnir og Fáskrúðsfirðingar töluðu sín á milli. Gaman væri að skoða þetta tungumál nánar, uppruna þess og tilgang.
- Ýmsar sagnir eru tengdar veru Frakka á Fáskrúðsfirði sem vert er að skoða nánar.
- Frakkneskir fiskimenn og áhrif þeirra á Fáskrúðsfjörð.

Áhrif hersetu í seinna stríði á Reyðarfirði

Á Reyðarfirði voru mikil umsvif breskra hermanna á meðan á seinna stríði stóð og er ýmislegt til frá þessum tíma, bæði í rituðu máli og minjum. Hafði þetta tímabil áhrif til lengri tíma og hafa kannski enn ?

Hafnarnes

Í Hafnarnesi reis lítið sjávarþorp um aldamótin 1900. Þangað var Franski spítall fluttur árið 1939 og úr honum gert fjölbýlishús. Íbúar Hafnarness urðu mest um 100 talsins en nú er það í eyði. Þessi staður hefur mikla og merka sögu sem gaman væri að koma einhvern veginn á framfæri, t.d. í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu.

Steinasafn Petru á Stöðvarfirði

Á Stöðvarfirði er Steinasafn Petru sem er eitt stærsta steinasafn í einkaeigu í heiminum. Hægt er að finna mörg athyglisverð verkefni tengd steinasafninu, hér eru aðeins nokkrir möguleikar:

- Engin heildræn skráning hefur verið gerð á þeim eintökum sem finnast í steinasafninu, en til eru ýmsar upplýsingar um hvern og einn. Þar finnast einnig skemmtileg eintök sem hafa reynst steindafræðingum mikil áskorun.
- Steinasafnið og þróun þess sem áfangastaðar er einnig athyglisvert viðfangsefni, en safnið fær til sín um 20.000 gesti á ári sem verður að teljast gott fyrir áfangastað svo langt frá Reykjavík.

Sjávarútvegur

Staða og framtíð sjávarútvegs í Fjarðabyggð

Þetta er mjög viðtækt þema og á því finnast ýmsir vinklar tengdir sjávarútvegsfræðum, hagfræði, viðskiptafræði og fleiri greinum.

Verkefni tengd þorskeldi í Fjarðabyggð

Þorskeldið gefur ýmsa möguleika hvað varðar nánari skoðun á þorskinum.

Skólastarf

Saga skólahalds á Fáskrúðsfirði

Skólastarf hefur verið á Fáskrúðsfirði í u.þ.b. 100 ár og til eru þó nokkur rannóknarefni því tengd. Fjöldmörg gögn eru til varðandi þetta viðfangsefni

Breytingar á kennsluháttum - áhrif og afleiðingar.

Miklar breytingar hafa orðið á kennsluháttum í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar undanfarin ár. Skólinn hefur fengið styrki til að þróa einstaklingsmiðað nám og námsmat. Nú er kennt í árgangablöndun og yfirleitt eru tveir kennarar með hvern hóp. Gaman væri að skoða nánar áhrif og afleiðingar þessara breyttu kennsluhátta.

Breytingastjórnun

Miklar breytingar hafa orðið á kennsluháttum í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar undanfarin ár. Skólinn hefur fengið styrki til að þróa einstaklingsmiðað nám og námsmat. Hvernig var staðið að þessum breytingum að hálfu stjórnenda.

Aðbúnaður nemenda í skóla- tengsl við námsárangur

Hefur ytri aðbúnaður áhrif á námsárangur nemenda. Skipta skólahúsgögn, töskur og hlýlegt umhverfi einhverju máli?

Áhrif umhverfis á skólastarf.

Grunnskólinn á Fáskrúðsfirði hefur frá byrjun verið rekinn í hefðbundnu sjávarþorpi. Fáskrúðsfjarðargöng hafa fært þorpið í miðja hringiðu framkvæmda á Austurlandi. Kemur breytt atvinnuumhverfi á Austfjörðum til með að að hafa áhrif á skólastarfið og þá í hvaða mæli?

Samvinna kennara- áhrif á líðan í starfi

Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er lagt upp úr mikilli samvinnu kennara og samstarfi. Yfirleitt eru tveir kennarar saman í kennslu, með sameiginlega ábyrgð og vinnu. Hvaða áhrif hefur svona fyrirkomulag á líðan kennarans?

Annað

Innreið sjónvarpsins

Áhrif sjónvarpsins á dæmigert íslenskt sjávarþorp. Hvað breyttist og hvernig?

Sameining sveitarfélaga

Áhrif breyttrar sveitarstjórnarskipanar á sveitarfélagið og ör þróun í þeim efnum. Búin er að eiga sér stað ítrekaðar sameiningar í sveitarfélaginu áður en þeim punkti var náð sem uppi er í dag. Var reynsla af fyrri sameiningum ástæða frekari sameininga? Eða var sameining nauðsyn af öðrum ástæðum?